

Ed.

385. Frumvarp til laga

[200. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög 30/1967
um breyting á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

4. grein laganna orðist svo:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna. Í ráðinu eiga sæti: Forstjóri landhelgsgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórin inn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins, til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

6. grein laganna orðist svo:

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum er undir rikisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingar á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennsla yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Það hefur enn fremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga. Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum eða annarri vá.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð setur framkvæmdastjóranum erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A th u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Pegar lög um almannavarnir voru fyrst sett, 1962, mótuðust þau af því, að þau tóku við af lögum stríðsárranna um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum. Ær lögunum var breytt 1967 fengu þau það form er þau nú hafa. Á framkvæmd laganna hefur svo reynt sérstaklega síðustu 6 árin, þ.e. fyrst og fremst við eldgosið í Vestmannaeyjum en einnig síðan vegna eldvirkni á Kröflusvæðinu og við snjóflóðin í Neskaupstað, þannig að nokkur reynsla er nú fengin af skipulagi almannavarna ríkisins. Sú reynsla sýnir, að almannavarnaráð hefur í raun gegnt stærra hlutverki en löginn ætla því, og er tilgangur þessa frumvarps að breyta skipulagi á stjórnun almannavarna í ljósi þeirrar reynslu. Samkvæmt lögunum frá 1962 skyldi forstöðumaður almannavarna vera formaður almannavarnaráðs og skipa það ásamt 4 embættismönnum, sem allir stýrðu stofnunum með mikil mannaorráð og verkefni sem hlutu að tengjast verkefnum í sambandi við aðgerðir vegna náttúruhainfara eða sprottnar af annarri vá. Seint á árinu 1968 var starf forstöðumanns falið forstjóra Landhelgisgæslunnar og bættist þannig í almannavarnaráðið fimmtí embættismaðurinn sem stýrir stofnun sem ræður miklum mannafla og tækjakosti. Hefur samstarf þessara aðila í almannavarnaráði reynst mjög áhrifaríkt og ráðið í raun orðið framkvæmdastjórn er válegir atburðir og aðstæður hafa gengið yfir. Þess á milli er verkefni ráðsins takmarkaðra og er þá hentugt að framkvæmdastjóri annist dagleg verkefni undir umsjá og yfirstjórn ráðsins, sem hefði þá reglulega fundi, sem ekki þyrftu að vera mjög tiðir.

Um 1. gr.

Breyting greinarinnar (á 4. gr. núgildandi laga) er í því fólgin, að almannavarnaráð tekur við hlutverki forstöðumanns, svo sem núgildandi ákvæði móta það, en ráðherra skipar einn ráðsmanna til afmarkaðs tíma sem formann ráðsins.

Um 2. gr.

Í þessari grein (um breyt. á 6. gr. núgildandi laga) eru rakin verkefni almannavarnaráðs, sem í núgildandi lögum eru rakin í 4. grein sem verkefni forstöðumanns. Þá er hér sett ákvæði um framkvæmdastjóra almannavarnaráðs sem stýrir daglegum störfum skrifstofu almannavarna ríkisins undir yfirstjórn ráðsins.